

Hefir dr. Björn frá Viðfirði fært það þannig inn í gerðabók Í. S. Í.: »að fimtud. 18. jan. 1912 boðaði glímukonungur Íslands, hr. Sigurjón Pétursson, stjórnir allra (9) íþróttafélaga Rvíkur, ásamt fyrv. sýslumanni hr. Axel Túliníusi og hr. landlækni Guðm. Björnssyni, til fundar í Bárubúð kl. 9 síðd. Alls mættu um 30 fundarmenn og konur«.

Á þessum fundi töluðu auk fundarboðanda, sem var frummælandi: Guðm. Sigurjónsson, Ólafur Björnsson, ritstj., Axel Túliníus, Guðm. Björnsson, Tryggvi Þórhallsson og Ingibjörg Brands. Var kosin nefnd, þeir Guðm. Björnsson, Axel Túliníus og Ólafur Björnsson, til að yfirfara lagauppkast það, sem Sigurjón lagði fram. Skyldu þeir svo boða til stofnfundar, en felagsstjórnirnar, sem þarna voru, sjá um að fulltrúarnir, er mættu á þeim fundi, hefðu fullt umboð félags síns til að stofna sambandið. Á þessum fundi var Axel Túliníus fundarstjóri, en Halldór Hansen ritari.

Stofnfundur var svo haldinn á sama stað þann 28. janúar kl. 1½ e. h., og undirskrifuðu þessir fundargerðina, sem stofnendur *Íþróttasambands Íslands*: A. V. Túliníus, fundarstjóri, Halldór Hansen, ritari, Guðm. Björnsson, Guðm. Sigurjónsson, Jónatan Þorsteinsson, Tr. Magnússon, Björn Bjarnason, Gunnar Hjörleifsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurbjörg Ásbjarnardóttir, Arreboe Clausen, Árni Einarsson, Kristinn Pétursson, Helgi Jónasson, Sig. Kr. Guðlaugsson, Finnþ. R. Þorvaldsson, Fr. Thorsteinsson, Pétur Magnússon, Lúðvíg Einarsson, Jón Ásbjörnsson, Valgeir Björnsson, Pétur Gunnlaugsson, Jón Jónsson, kaupm., Guðbrandur Magnússon, Þorkell Þ. Clementz, Sigurjón Pétursson og Ben. G. Waage.

Voru þau fulltrúar fyrir þessi félög:

1. Glímufélagið »Ármann«,
2. Íþróttafélagið »Kári«,
3. Íþróttafélag Reykjavíkur,
4. Knattspyrnufél. «Fram»,
5. ————— Reykjavíkur,
5. Skautafélag Reykjavíkur,
7. Sundfélagið »Grettir«,
8. Ungmennafél. »Íðunn«, og
9. ————— Reykjavíkur.

Fyrstu stjórn Í. S. Í. skipuðu: *Axel Túliníus, Guðm. Björnsson*, dr. *Björn Bjarnason* frá Viðfirði, *Björn Jakobsson*, leikfimik. og *Halldór Hansen* læknir.

Fyrsti aðal-fundur Sambandsins var svo haldinn 10. júní 1912, og stjórnin endurkosin nema Halldór. Í hans stað kom *Jón Ásbjörnsson*. 24. júní 1913 kom *Matth. Einarsson*, læknir, í stjórnina í stað dr. Björns. 28. júní 1914 er stjórnin öll endurkosin. 24. júní 1915 kemur *Ben. G. Waage* inn í stað Björns Jakobssonar. 16. apríl 1916 er hún öll endurkosin. 22. apríl 1917 kemur *Halld. Hansen* aftur inn í stað *Matth. Einarssonar*. 28. apríl 1918, öll endurkosin. 27. apríl 1919 kemur *Hallgrímur Benediktsson* í stað *Jóns Ásbjörnssonar*. 25. apríl 1920 og 24. apríl 1921, öll endurkosin. 2. apríl 1922 kemur *Pétur Sigurðsson* í stað *Guðm. Björnssonar*. 20. júní 1923 kemur *Guðm. Kr. Guðmundsson* í stað *Hallgríms*. 22. júní 1924 og 26. júní 1925, öll endurkosin. Og nú síðast, 19. júní 1926, er *Ben. G. Waage* kosinn forseti í stað *Axels Túliníusar* og *Magnús Kjaran* í stað *Ben. En Óskar Norðmann*, 1. varamaður kemur í stjórnina í júlí, þegar *Magnús* segir af sér.

Ekkert starf, engar framkvæmdir eru svo af hendi leystar, að öllum líki. Margt hefir stjórn Í. S. Í. haft með höndum, en sitt sýnist hverjum um það, hvernig það hefir verið gert, og að hverjum notum það hefir orðið. Skal hér enginn dómur á það lagður. En eitt er víst, að byrjunin er allajafnan erfiðust á öllum sviðum. — Í. S. Í. hefir á þessum 15 árum gefið út þó nokkrar bækur og rit, sem talin eru upp aftan við *Heilsufræði íþróttamanna*. Það hefir gefið nokkra verðlaunagripi og stofnað sjóði. Meðal þeirra er skylt að nefna sérstaklega Utanfararsjóð Í. S. Í., sem stjórnarmenn stofnuðu með eigin fjárframlagi á 10 ára afmæli Sambandsins. (Axel, Guðm. Bj., Halldór, Hallgr. og Bened.). Einnig hefir það gengist fyrir íþróttanámsskeiðum o. fl., o. fl. Allar útgáfubækur sínar hefir það sent félögunum, og bréf og skýrslueyðublöð árlega, en frá tiltölulega fáum félögunum hefir nokkuð komið til baka. Og aldrei hafa nema örfá félög utan Reykjavíkur tekið þátt í aðal-fundi Sambandsins. Samstarf á milli stjórnarinnar og flestra félaganna virðist hafa verið lítið, en það er að líkindum meira félögunum sjálfum að kenna. Þó hefði stjórnin þurft fyrir löngu, og ætti ekki að draga lengur, að gera út sendimann